



# VELFERÐ BARNNA

## GILDISMAT OG ÁBYRGÐ SAMFÉLAGS

Ritstjórar:

Salvör Nordal, Sigrún Júlíusdóttir og Vilhjálmur Arnason

Ritroð Siðfræðistofnunar.  
Siðfræði og samtími:

1. Sjálfræði og aldraðir (2004)
2. Sjúkdómssvæðing (2004)
3. Persónuvernd í upplýsinga-  
samfélagi (2007)
4. Velferð barna, gildismat og  
ábyrgð samfélags (2010)

Velferð barna,  
gildismat og ábyrgð  
samfélags



Ritroðin Siðfræði og samtími  
er styrkt af Kristnahlátgærsjóði.

# Velferð barna, gildismat og ábyrgð samfélags

*Rísstjórar*  
Salvör Nordal  
Sigrún Júlíusdóttir  
Vilhjálmur Árnason



Síðfréðisstofnun – Háskólanálgáfan

REYKJAVÍK 2010

# Efni

Formáli ritsjúóra.....	7
Vigdís Finnbogadóttir „ <i>Börn eru blessun heimsins</i> “ Inngangsorð.....	9
Vilhjálmur Árnason <i>Frjálsræði og sjálf-ræði: Uppeldi til fræslis í neyslusamfélagi</i> 15	
Guðmundur Heiðar Frímannsson <i>Sjálf-ræði, gott líf og uppeldi</i> .....	31
Gunnar J. Gunnarsson „ <i>Bara að hafa einhvern til að teyssa á</i> “ <i>Rannsókn á lífsviðhorfum og gildismati unglinga</i> .....	45
Benedikt Jóhannsson <i>Síglidar dygðir, hrúnið og farsælt líf</i> .....	63
Sigrún Júlíusdóttir <i>Tíminn og barnið. Um rótarask og foreldraást</i> .....	77
Salvör Nordal <i>Tækniþróvganir og staðgöngunæður</i> <i>ú ífrá hagsmunum barna</i> .....	89

*Velferð barna, gildismat og dýrðis samfélags*  
© Síðfræðisstofnun og höfundar 2010

Umbrot: Háskólaútgáfan Kg  
Hönnun kápu: Þórkur Arnason  
Prentun: Leturprent  
Meginmáli er sett með 10 pt. Times-letri á 12,7 pt. fæti

*Printed in Iceland*  
Háskólaútgáfan Reykjavík 2010

Öll réttindi áskilin

Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti,  
svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða  
á annan samberilegn hátt, að hluta eða í heild,  
án skriflegs leyfis höfunda og útgefanda.

U201029  
ISBN 978-9979-54-893-5

Gunnar E. Finnbogason	
<i>Hlustum við á raddir barna?</i> .....	103
Hrúnd Þórarinsdóttir og Sigrún Aðalbjarnardóttir	
<i>Sýn foreldra á uppeldisluverk sitt</i> .....	115
Sæunn Kjartansdóttir	
<i>Við vissum það ekki þá en við vitum það núna.</i>	
<i>Um áhrif fyrstu áramna á börn og fullorðna</i> .....	133
Steinnur Bergmann	
<i>„Á misjöfnu þrýfast börnin ...?“</i> .....	145
Inga Þórsdóttir	
<i>Næring barna</i> .....	159
Halldór Reynisson	
<i>Andlegi lífi og gildisnati barna</i> .....	171
Um höfundu .....	181

## Tíminn og barnið

### Um röturask og foreldraást

Í þessari grein er athygli beint að því hvernig samfélagsaðstæður móta forsendur og hafa áhrif, bæði á þarsambandið, tengsl foreldra og barna, og þroskaforsendur hvers barns. Þar koma einnig til skjalanna makavalið í upphafi, þróun þarsambandsins, ákvörðun um barneign og tímasetning hennar. Fjallað er um barneign, foreldraást og umhyggju út frá tímanum og hugtakinu foreldrahvöf, sem nánar er útskýrt hér á eftir. Þetta er síðan tengt hugtakinu fyrsta parið, þ.e. foreldri/móðir – barn og samspili tvenndar og þrenndar í ástarþrifyrningnum pabbi – mamma – barn. Athygli er beint að yri og innri áhrifavöldum og hvernig lífskeið þarsins og fyrsta lífskeið barns mófast gagnkvæmt af misjafnlega hægstæðum skilyrðum til að skapa „hæfilega“ nærveru og öryggi. Öll þessi atriði tengjast síðferðilegum rétti barnsins til þess að fá umönnun og tækifæri til að þroskast og njóta sín sem einstaklingur og samfélagsþegn.

#### Barnið, tíminn og gildið

Hér á eftir er fjallað um tímann, en hann, eða viðhorfið til hans, er undirstaða tengsla foreldra og barna, ástarrinnar og þarsambandsins. Þessi þrennd, parið og barnið, er sú frumeyning sem flestir einstaklingar hafa mófast í. Hún lýtur sínum innri lögmálum en hún er líka hluti af stærra samhengi, vistfæðilegri umgjörð, sögu og menningu sem foreldrarinn bera með sér. Tíminn er hluti af þessari mynd. Til að skilja samhengið spyrjum við: Á hvaða tínum var hann uppi? Hvernig voru tímanir þá? Myndin sýst þannig líka um barnið í sögunni, barnið í borginni, barnið í þorpinu, barnið í Palestínu, barnið í skilnaðinum og sorginni, barnið í tímanum – ávallt háð aðstæðum foreldranna því barnið ræður engu um tíma sinn og lífsskilyrði. For-

eldrarir geta hins vegar oft ráðið miklu um þetta, meðal annars með því að velja barninu tíma og skapa því aðstæður eftir því sem forsendur þeirra og unnhverfisins leyfa.<sup>1</sup> Fátt er eins sorglegt og óvelkomið barn eða barn sem ekki er ætlað bæði tími og rími. En barnið er gerandi í eigin lífi um leið og það mætir til leiks og verður samán saman sjálft áhrifavaldur í samskiptum – nær og fjær.

Tíminn er afstæður og íklegga er hann harðsátt og oft óhligjarnasti húsbóndi nútímamannsins. Félagssáðstæður og kjör þúa mönnum minnandi skilyrði og launavinna, starfshelgun og frami taka sinn tímatoll en eftir stendur forgangsröðun afgangstímans – hver sem hann er í tínum talið.

Stundum tölum við um hversdagsstímann nánast eins og eitthvað sem við látum sem náttúrulógmáli, en eins og Bodil Jónsson segir í sinni vinsælu bók, *Tíó tankar om tíden*, er tíminn „eit af því fáa sem við getum stýrt sjálf hvernig við ráðstöfum“?<sup>2</sup> Margt hefur verið fjallað um tímann, spurninguna um það hvort hann sé til, nauðsyn þess að skilgreina merkingu hans og mælingu.<sup>3</sup> Hugtakið tími og hugmyndin um hann er þó mannanna verk, hugarsnið sem meðal annars hjáþpar okkur að skipuleggja tilvist okkar, innri og ytri ramma.<sup>4</sup> Alm-anaðið sem við stýðjumst við til að hafa reiðu í tilverunni byggist á raunvísindum en hið hagnýta gildi þess að skipuleggja tíma og at-hafnir daglegs lífs er velþekkt.<sup>5</sup> „Allt hefur sinn tíma“ stendur í Biblí-umni og má leggja til af því bæði frá hagnýtu sjónarhorni og heimspektlegu. „First things first“ segja sérfræðingar samtímans um tímastýringu á öld hraðans og vísa meðal annars til þess að við getum ekki aðeins stýrt af taknótikum tímans (klukkumni) heldur sé nauðsynlegt að hafa bæði „úrið og áttavítann“, þ.e. líka gildi og loka-markmið, að leiðarljósi við stýringu tímans.<sup>6</sup> Þannig má segja að hug-myrdin um hversdagsstímann sé okkar eigin *sköpun* því oft er hann tilbúningur og samsúða af okkar eigin þörtum og endurspeglar gildi, mat og forgangsröðun. Við tjáum það hins vegar eins og ósýnilegt persónugert ytra afl sem öllu ræður: „tíminn leyfir það ekki“, „tíminn æðir út úr höndunum á mér“ eða „ég hef *alltof litinn* tíma fyrir það sem mér finnst þó *mestu* skipta“, og í fjölmörgum heyrnum við stöðugt: „tíminn er að renna út“ – og eitthvað sem er verulega þarft og áhugavert er stöðvað í miðri setningu til að koma að auglýsingum,

þvælu og þunnildum. Í samtímanum verða fjölbreytni, óreiða, ný áreiti og valkostir sífelld uppspretta togstreitu um (forgangs)röðun tímans og þessi fyrirbæri eru órofa hluti af daglegu lífi. Í íslenskrí fjölskyldurannsókn um samskipti hjóna kom í ljós að það hvernig fólk kys að verja tímanum veldur miklu um jafnvægi foreldra og sátit í hjónabandi.<sup>7</sup> Þegar hjón notuðu knappan frítíma *utan* heimilis verkaði hann *gegen vellötan* í fjölskyldunni en þegar *mill frítími* var *hælgæður* fjölskyldunni hafði vinnuálag og fjarvera stóur neikvæð áhrif.<sup>8</sup>

#### Tími, leikur og nánd

Grundvallarþörf barna er að finna ást og unhyggju í vakandi augna-ráði foreldris sem speglar og staðfestir yndisleik þess og réttmæta til-vist. Náðin þarf tíma en líka fríð og ró. Að horfa er staðfesting á nálægð og við heyrnum nýbakaða foreldra segja: „Ég vakna stundum á notunni bara til að horfa á hana“. Viðvera er boð um að foreldri láti sig bærnið varaða og í slíkum tengslum þróast líka virðing barnsins og trú á að *önnur* boð foreldrisins séu marktræk.<sup>9</sup>

Að hafa tíma og rými fyrir spjall er mikils virði fyrir þroska barna. Þekktur sálgreinir, Donald W. Winnicott, hefur skrifað um tákranent gildi þess að bláðra við börn, leika með orð og hugsanir og eru barna-pulur dæmi um þetta.<sup>10</sup> Svipað og hjalið er undanfari tungumálsins er bullið undanfari heillar hugsunar. Heimspekingurinn Ludwig Witt-genstein talar um *language game*, leikinn með mállið, sem eit mikil-vægasta teki mannsins til að skilja veruleika sinn, merkingarboð og tengsl.<sup>11</sup> Að varpa orðum og merkingum sína á milli speglar og skapar nýja samsköpun um hver er *minn* og hver er *þinn* veruleiki. Þriggja til sex ára börn spyrja endalaust, ekki til að fá bein svör heldur vilja þau efna til flugunar og sameiginlegar leitarað svári – spekufleral. Þar sem þetta tekur tíma freistast margir foreldrar til að gefa stutt og hraðsoðin svör í stað vangaveltu og ígrundunar.

Samræðan, dýalógurinn, speglun og endurspeglun (reflections) er hins vegar einmitt sú nálgun sem mest er notuð í samtalsmeðferð í dag.<sup>12</sup> Á sama hátt kemur fólk ekki í hjónameðferð til að fá svör, sérfræðiálit eða niðurstöðu sérfræðings, heldur til að skoða saman,

velta upp flötum, þæfa – og þrýsta á valda punkta.<sup>13</sup> Með hjálp tungu- málsins móttum við færar leiðir út frá forsendum einstaklings og pars – foreldra og barna.<sup>14</sup>

#### Ástin – parsamband og þrúhyrningur, tvemndin og þrenndin

Ástin er í upprunalegu mekingunni af lífsins, „jáð“, lífs- og kyn- hvötin, af gleðinnar, hins góða, uppbyggilega og friða – lífíðó. Hið gagnstæða er dauðahvötin, „meið“ við lífinu, af hins illa, eyðileggs- ingar og niðurrífs.

Hæfileikinn til að elska og verða ástfangin er mannværunni eðlis- lægur. Þá hafa nýlega komið fram rannsóknaniðurstöður sem renna stóðum undir þá tilgátu að taugalíffræðileg efnabodskipti eigi sinn þátt í kviku og kjarna ástainnar; en lífs- og kynhvötin eru jú undir- staða fyrir viðhaldi stofnsins hjá mönnum og dýrum. Í anda tengsla- kenninga eru frumtengslin undirstaðan að hæfni einstaklings til að mynda nán tengsl, gefa og þiggja og sýna fjölskvalausst traust til ann- arra síðar meir.<sup>15</sup> Frumástin felur í sér hæfni til að renna næstum því saman við aðra manneskju, samaber hugtakið „symbíósa“ (úr grísku og merkir „samlíf“). Á fósturstígunu eruum við jú öll hluti af líkama annarrar manneskju og fyrst eftir fæðingu er barninu nauðsynlegt að fá tíma til að njóta, vera áfránn í þessu órofa sambandi við upphaf sit.

Það er þessi reynsla af samnunanun í fyrsta parsambandinu sem endurværpast þegar fólk verður ástfangið.<sup>16</sup> Vel er þekkt hvernig ást- fangið fólk getur hreinlega ekki séð hvort af öðru, horfist djúpt í augu og þarf stöðugt að snertast og njóta návistar hvors annars. Það vill helst vera eitt og í friði, getur ekki beðið eftir að hinn elskaði komi og óttast það mest að missa hann: „fariðu *aldrei* frá mér“, „slepptu mér aldrei“, „ég vil *alltaf* vera hjá þér“. Missir viðfangsins framkallar örverningu og er jafn sár og hjá yfirgefnu ungabarni. Hér er tíma- hugtakið samnarlega á ferðinni.

#### Foreldrahvötin – að eignast barn

Gleymnum ekki að orðið foreldri merkir sá sem er í forsvari og *elur* önn fyrir einhverjum. Erik H. Erikson talar um (foreldra)hvöt sem nánast meðfætt eða líffræðilegt, afli, „generativity“.<sup>17</sup> Það liggir í eðli manneskjunnar – nánast sem eðlisávisun – að langa til að auka kyn

sitt, og flest ástfangið fólk sem binst tilfinningaböndum finnur fjólt- lega fyrir þessari frumbörf, að láta ást sína og lífsorku þera ávöxt (e- caring instinct). Þróunaraflið að baki þessari ósk er einmitt það sem hugtakið *generativity* vísar til, það er að leggja grunnhvöll að næstu kynslóð í krafti eigin uppruna. Auk þessa felur það í sér innri kvöð eða hvatningu (motivation) til þess að hlúa að ungvíðinu, rækta það, kenna því, vernda það og móta. Það gerist með því að fylgjast því úr hlaði með hæfilegri stýringu og leiðsögn með kynslóðaarfinn að leiðarljósi.

Á okkar tímunum verður æ algengara að ung pör skipuleggi fjöl- skyldumyndun og velji að eignast barn á „réttum“ eða áætluðum tíma. Í rannsókn um fjölskyldugildi meðal átján ára ungmenna er fróðlegt að sjá að um 90% hugsa sér fjölskyldumyndun í framtíðinni, um 60% á aldrinum 25–30 ára. Um 42% vilja eignast 2–3 börn, en 40% eru óviss. Um ástæðu þess að fólk velji hugsanlega að eignast *ekki* börn segja um 90% ungmennanna að það kynni að vera vegna hinnar miklu ábyrgðar sem því fylgdi.<sup>18</sup>

*Tveir verða þrjú*. Að eignast barn er í raun eitt af reynsluundrum lífsins og það framkallar gleði og ábyggðarkennid hjá heilbrigðu fólk. Ekki er þó alltaf jafn viðurkennt að því fylgi nýjar skuldbindingar og oftast talsverð röskun á lífsháttum. Hversu góður sem undirbúning- urinn er, hefur tilkoma barns alltaf mikil áhrif, og oft óvænt, í par- sambandinu. Þau sem áður voru elskendur, „tvö ein í heiminum“ og horfðust í augu, þeina nú allri athygli að litla krílinu, þessu sköpunar- verki sínu sem skal fá allt það besta.

Í hjónabandsfræðum er gjarnan talað um fyrsta parið (e. the first couple). Hér er ekki átt við kynþroska kerustupar, heldur parið *móðir-barn* eða *faðir-barn*. Þessar tvær tvemndir móta þann *ástarþri- hyrning* sem barnið hefur sem veginesti inn í seinni ástarsambönd. Frumtengslin fylgja okkur allt lífið og birtast í ótrúlegustu myndum og samhengi. Á forskólaaldri njóta börn þess að spila á þetta strengja- verk og finna þannig áhrifavald sitt: „Nei, frekar pabbi!“ eða „Nei, bara mamma!“ Þekkt er líka hvernig stelpur geta helst ekki verið þjátr: tvær eru samlokkan – ein verður úttundan, svo færast það til og spennan er oft talsverð! Á kynþroskaskreiði birtist fyrirberði á ný en nú tvíteft með krafti kynfeðislegrar samkeppni, og þegar óöryggi er



í hjónabandi stendur því ógn af þriðja aðila. Annað dæmi er að í fjölskyldum þar sem skortur er á rými, réttindum eða ást, verður oft hárrömmu systkinasamkeppni og meiningur bæði um mat og ást: „Þú fékkst meira af því pabbi heldur uppá þig“, „ég segi mómmu frá því að þú tókst minn bita“. Í meðferðarstarfi með hjónunum birtist fyrirbærið oft í svokallaðri líðsleit þar sem báðir reyna, oft með klækjum, að fá meðferðaraðilann til að taka afstöðu (með sér). Það er vel þekkt í mannlegum samskiptum hvernig þremur, hversu heilbrigð og starfhæf sem hún er, getur ögrað jafnvæginu, og þrífyrningurinn er Ík-legast ein flóknaða samskiptaeiningin – og spennandi efni eins sjá má bæði í lífi og litum.

#### Að eignast barn er áskorun – en Ílka áhætta

Í kjölfar meðgöngu og fæðingar er tilfinningalíf beggja aðila viðkvæmt gagnvart nánd og viðurkenningu.<sup>19</sup> Þegar *tvær verða þrjár* verður eðlisbreyting í formi og gerð samvistareiningarinnar. Rannsóknir og reynsla sýna að ekki er óvenjulegt að móðirin verði svo upptekin af ástíarsambandi sínu við barnið að hún næstum gleymi sjálfri sér – og makannum. Honum finnst hann þá utanveltu, verður sár og leiður og finnur sér ekki stað í nýrri samsetningu. Hinnar eigin tilfinningasveiflur og hornómaröskun gera hana auðsærða og afundna. Tilfinningar vonbrigða, tillitsemi og óryggis takast á hjá báðum. Öti við að særa, gera kröfur, vera sjálfmíðaður þegar aðstæður kalla á umbrúðarlýrði og umhlyggju fyrir hinum, koma í veg fyrir tjáningu og hreinskiptnar samræður. Tímmin er órlagavaldur á þessu skeiði og það er á þessum punkti sem parið finnur oft í fyrsta sinn fyrir fjarlægð í sambandi sínu þótt þau langi bæði innilega til að deila tilfinningum og hjálpast að.<sup>20</sup>

Alment er nú vitað að tilfinningaálag og hlutverkaröskun sem fylgir fæðingu fyrsta barns skapar oft misgengi og sambúðarerfiðleika sem geta aukið líkur á skilnaði. Þegar spurt er í hjónamefðerð hvenær fyrstu erfiðleika eða vonbrigða hafi orðið vart í sambandinu er algengt að svarið sé í þessum dúr: „Ja, eiginlega var það í kringum fæðingu fyrsta barnsins okkar ... en, æ, maður vildi ekki eyðileggja með því að fara að tala um vonbrigði og vesen ... hélt það myndi gleymast eða lagast af sjálfu sér með tímanum“.

Fyrstu rannsóknirnar á þessu sviði tengdust svokölluðum lífs-skeiðavíðburðum og samhlíða þeim fóru menn að gefa gaum að skilnuðum og glíði fræðslu og stuðnings í því sambandi. Þessar rannsóknir, og þær sem fylgdu í kjölfarið, sýndu meðal annars að meirihluti nýbakraðra foreldra glímdi við erfiðleika sem sumir gátu orðið upphaf að viðvarandi vanda. Nýlegar rannsóknir sýna að rúmnum helmingi para finnst draga úr ánægju sambandsins eftir fæðingu fyrsta barns. Íslenskar skilnaðarhöfðar hafa um skeið sýnt að skilnaðarhöfðri er hér líkt og annars staðar hlutfallslega há meðal ungbarnaforeldra, að fyrstu þrjú árin eru álags- og áhættuskeið í hjónabandinu. Í íslenskri rannsókn frá 2007 höfðu 33% barna verið 0–5 ára við skilnað foreldra.<sup>21</sup>

Ungt fólk nú á dögum tekur offast ígrundaðar ákvarðanir um sambúð og barneignir og hugar að því hvenær í lífsboganum þær eiga best heima, hvenær það hentar best gagnvart námi, starfsframa og tekjuöflum. Það fer vaxandi að ungt fólk leit ráðgjafar og fræðslu um hvernig best skuli staðið að málum. Áðurmeiðar rannsóknir benda til að óskir skilnaðarforeldra um fjölskylduáðgjöf hafi aukist nánast um helming (úr 26% í 46%) á tíu ára tímabili.

Því miður er ennþá bæði skortur á ráðgjöf og á aðgengilegu fræðslu-efni á íslensku um foreldrahlutverk. Hér er ný bók Sæunnar Kjartansdóttur mikilvægt framlag og kærkomið lesefni fyrir verðandi foreldra.<sup>22</sup>

#### Breyttir tímar – að efla foreldra

Svo virðist sem sterk utanaðkomandi samfélagsófl hafi deyfandi áhrif á eðlislega foreldrahvöt. Hér bentí Eriksón á fyrir nær hálfri öld að til sé fólk sem vegna sérstrakra hæfileika og einlægrar þarfar beini þessum krafti ekki endilega að eigin börnum, heldur í annars konar umhlyggju og afskipti af vellíðan annarra (altruism), sem veitir þessu fólki framlags-, sköpunar- eða *foreldra*gleði.<sup>23</sup> Margt bendir til að vaxandi einstaklingshyggja og samfélagsþróun sem of er óhagsstæð börnum dragi úr áhuga á skuldbindingum og kvótum sem fylgja barneignum. Þótt þetta sé ekki sérlega merkjanlegt á Norðurlöndum fer tíðni barnsfæðinga ungra kvenna dýrnandi bæði vestan hafs og

auktan. Hvort sem verndun ungvíðisins og ræktun kynslóðararfsins er í höndum foreldra, kennara eða fagfólks, er þetta umhyggjafl, sem er ein birtingarmynd foreldravaltar (e. *generativity*), fjöregg næstu kynslóðar. Ef það dofnar eða glatast missir einstaklingurinn tengslin við sjálfan sig og verður fórnarlamb ytri áhrifa sem lætur sig síðgilti lítu varða. Við þannig aðstæður er hætt við að þessi frumkraftur – að sýna alitö, næmi og afskipi af öðrum – þverri. Slík tilfinningaleg stöðnun eða *furring* gagnvart öðrum er mannverunni óhagstæð og getur leitt af sér ýkta áhrestu á tæknipróun og framfarir í einvíttri merkingu. Dæmi um þetta má sjá í samfélagsbókmenntum, m.a. í skáldsögu japansk-breska rithöfundarins Kazuo Ishiguro, *Never let me go* (2005, íslensk þýðing *Slepptu mér aldrei*) þar sem lýst er á tákrunænan, niðstandi hátt fyrirungu gagnvart uppeldi og tilvist barna.<sup>24</sup> Sláandi er einnig skáldverk ungrar japanskar konu, *Snakkar og eyrnalokkar*, um líf auðnulausra, týndra og tengslalausra ungmenna í Tokyo.<sup>25</sup> Í samfélagsbókmenntum má þannig oft finna endurspeglun á fyrirbærum og ferlum í samfélagsþróuninni sem oft er áhrifarlk viðvörðun gegn því að sofna á verðinum, varðberginu gagnvart yngstu kynslóðinni.

Samfélagsrýnar hafa sett fram kenningar um breytingar og upplausn forna á síðustu áratugum, m.a. Anthony Giddens<sup>26</sup> og Zygmunt Bauman sem tala um rötir í kjölfar hraðfara þróunar og hruns í gildismati.<sup>27</sup> Breytt svið vinnumarkaðar, tækni- og samgöngupróun og áhrifamáttur auðvaldins valda því að landnámi purkast út og manneskjur, foreldrar og börn, geta flust óhindrað milli heimshluta. Stundum er það val, stundum neyð, þar sem skuldbindingar, tengsla-bönd og rætur í heimalandinu verða að víkja.<sup>28</sup> Þróunin er svo ör að manneskjan nær ekki að aðlagast, gildin leysast upp og lífsstíllinn þjagast í streðinu við að ná förfestu þar sem allt flýtur.<sup>29</sup> Riðað er og rætt um móðun nýs persónuleika sem afsprengi laustengdra tilfinninga og tætingislegs lífsstíls foreldraranna. Þessi svokallaði sjálf-ræni (e. authentic) persónuleiki er meðal annars uppteknari af sjálfum sér en öðrum, enda hefur hann lært að vera tilfinningalega óháður en þróað hæfni til að rjúfa tengsl og aðlagast nýjum aðstæðum – og „fúsa liggur á“: tímum eða tímaskorturinn er hans aðalvinnur. Ef vandir eða leiði kemur upp er kvíðvænlegt að stoppa við. Það er leitað skjótra leiða, meðal annars með skammtímahefð, hugrænni þjálfun, lyfja-

gjöf eða öðrum hraðvirkum aðferðum en sneit hjá tímaflekri tilfinningurvinnslu með námun meðferðartengslum.

### Lokaorð

Þegar fjárhagskreppa og valdaátök ríða yfir heilu heimshlutana vírdast stundum öll vopn slegin úr höndum okkar, en samfélagsrýnar sem fjalla um siðrof og sundrunu, fjölbreytileika og alheimsáhrif tengja umræðuna æftar uppeldisskiyrðum og sinnu um velferð barna.

Í umfjölluninni hér að framan hefur verið reynt að tengja saman hugmyndir um velferð barna og áhrifastöðu foreldra þar sem hugtökinn tími og gildi eru hugleikin. Við vitum að það er í þessu samhengi sem siðvitund barna þróast og hæfni þeirra til að njóta sín í eigin lífi og þroskast sem virkir samfélagsþegnar. Forsendur þessa samhengis eru þó mótaðar af ytri umgjöfðinni, það er „foreldrabygð“ og styrk þess velferðarkerfis sem samfélag okkar byggist á. Í því felst að tryggja foreldrum í öllum fjölskyldugerðum samandi ákoma, vinna að aukinni þekkingu og skilningi á þörfum barna, meðal annars með því að skapa foreldrum forsendur til að virkja þá auðhind sem rými og tími með börnunum felur í sér fyrir þau. Þetta vitum við náttúrlega flestóll, þótt það virðist oft svo erftit við að eiga. Hugsunin „heimur versnandi fer“ hefur líklega sjaldan verið áleitnari í hugum margra en eftir-eyðlleggingarvunnið sem íkennt er við ofvaxin umsvif peningamanna í þjóðfélagi okkar undanfarnin ár og aðrir tengja andvaraleysi stjórvalda. Við þpyrjum okkur: Hvað er að gerast? Hvers vegna er þessi ringuleið? Hvað er til íáða? Siðræn gildi, áður viðtekið mat, hugmyndir um lífsstíl og mannasíði orka skýndilega tvímælis og fólk – ekki síst foreldrar – verða ráðvillir gagnvart því hvert við stefnum.<sup>30</sup> Það er margt jákvætt og þroskavænlegt í öllum nýju tilboðunum og fjölbreytileikanum en þau reyna á undirstöðuna. Ef hún er feyskin verða börnin fórnarlömbin og það hefur áhrif í næstu kynslóð.

Við viljum ekki stöðva þróunina heldur hafa áhrif á stefnu hennar. Sein andsvar við óheftri upplausn og rólleysi í samtíma okkar geta gagnrýnin, vakandi hugsun og samstílltir kraflar áortkað miklu. Hvaða gildi viljum við varðveita; hverju viljum við sleppa? Rannsóknir gefa okkur nýjar vísbendingar um þroskamöguleika barna, bæði vitrænt

og í tengsla- og samskiptaproaska.<sup>31</sup> Í fjölmörgum og meðal uppeldis- stétta og meðferðarfólks er bent á að ný gildi og áherslur séu að mótt- ast og færast frá magni að gæðum og frá afköstum til samskipta. Ungir foreldrar láta í ljósi óskir um önnur gildi en bara þau efnislegu. Í þessu felst vonin. Til þess að glæða þá von og renna undir hana stöðum tel ég að til þurfi að koma snölp umræða um viðhorf, gildi og viðeigandi aðgerðir af hálfu yfirvalda. Jafnframt er samstarf og samræming meðal foreldra, fagfólks og kennara grundvallar nauðsyn í samfélagi okkar tíma. Það getur skipt sköpum um þroska og velferð einstaklingsins, árangur skólagöngunnar og aðlögun í samfélaginu – sem aftur hefur áhrif á samfélagsþróun, gildi og manlega reisn.

## AFTANMÁL

- 1 H. Sol Olfadsdóttir, M. Wikland og A. Möller. „When is the „right time“ for a child? A qualitative study of nordic couples seeking assisted reproduction technology treatment“, *Journal of Psychosomatic Obstetrics and Gynecology* (Væntanlegt).
- 2 B. Jónsson, *Tíu tankar um tíð* (Stokkhólmur: Brombergs Bókafélag, 1999).
- 3 B. Jónsson, *Tíð og orid* (Stokkhólmur: Brombergs Bókafélag, 2002).
- 4 Hránnar Baldursson og nennendur. „Er tími í raun og veru til?“, *Vísindavefurinn* 20.6.2000. Sótt 10.9.2010 af vísindavefur.is/?id=547.
- 5 Eýja Margrét Brynjarsdóttir. „Hvað er tími?“, *Vísindavefurinn* 11.8.2000. Sótt 10.9.2010 af vísindavefur.is/?id=777).
- 6 S. Covey, A. Roger og R. R. Merrill (1994). *First Things First* (London: Simon & Schuster Ltd., 1994).
- 7 Sigrún Júlíusdóttir, *Den Kapable Familien i det islandske samhället. En studie om lojalitet, äktenskapsdynamik och psykosocial anpassning* (Gautaborg og Reykjavík: Göteborgs Universitet, 1993).
- 8 Gyðfi Ásmundsson og Sigrún Júlíusdóttir. „Áhrif vinnunnar á hjónalíf“, *Gæðvernd*, 1, 1989, bls. 38–42.
- 9 Sigrún Júlíusdóttir. „Lífsgildi og samfélagsstrættar“, *Fjölskyldur við aldabörð* (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2001), V. hluti, bls. 185–229.
- 10 D. W. Winnicott, *Playing and reality* (London: Tavistock, 1971).
- 11 L. Wittgenstein, *Philosophical Investigations* (New York: Macmillan, 1953/1971).
- 12 S. McNamee og K. Gergen (ritstj.), *Therapy as Social Construction* (London: Sage Publication, 1992/2004).
- 13 L. Hoffman, *Family Therapy: An intimate history* (New York: W.W. Norton & Company, 2002).
- 14 H. Maurana og F. Varela, *The Tree of Knowledge* (Boston, M.A.: New Science Library, 1987).
- 15 D. Stern, *The First Relationship. Infant and Mother* (Cambridge: Harvard University Press, 1977).
- 16 Sigrún Júlíusdóttir. „Af hverju verðum við ástfangin?“, *Vísindavefurinn* 30.1.2009. Sótt 20. september 2010 af vísindavefur.is/?id=30806.
- 17 E. H. Eriksson. „Eight ages of man“, *Childhood and Society* (New York: W.W. Norton & Company, 1963).
- 18 Sigrún Júlíusdóttir og Jóhanna Rósa Arnardóttir. „Sýn ungmenna á for- eldratengsl, stuðningur og röskun“, *Rannsóknir í fjölgævisindum VII*, ritstj. Gunnar Þór Jóhannesson (Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, 2007), bls. 251–262. Sigrún Júlíusdóttir, Jóhanna Rósa Arnardóttir og Guðlaug Magnúsdóttir. *Ungmennni og eittar tengsl. Rannsókn um reynslu og sýn skilnadarungmenna* (Reykjavík: Rannsóknasetur í barna- og fjölskylduvernd og Háskólaútgáfan, 2008).
- 19 Sigrún Júlíusdóttir. „Lífsgildi og samfélagsstrættar“, *Fjölskyldur við aldabörð* (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2001), V. hluti, bls. 185–229.
- 20 Sigrún Júlíusdóttir. „Fæðir, móðir, barn. Lífið eftir barnsburð“, *Barnamappan* (Íslenskur mjólkuríðnaður, 1998).
- 21 Sigrún Júlíusdóttir og Jóhanna Rósa Arnardóttir. „Samfélagsleg forsjá sem meginregla og íhlutun síðorvalda – Rannsókn um sjónarhorn foreldra“, *Tímarit lögræðinga*, 4(58), bls. 465–495.
- 22 Sæunn Kjartansdóttir. *Árin sem enginn man* (Reykjavík: Forlagið, 2009).
- 23 E. H. Eriksson. „Eight ages of man“, *Childhood and Society* (New York: W.W. Norton & Company, 1963).
- 24 K. Ishiguro, *Sleppiu mér aldrei* (Reykjavík: Bjartur, 2005).
- 25 H. Kanahara. *Sundar og eyrnalokkar* (Reykjavík: Bjartur, 2006).
- 26 A. Giddens, *The Transformation of Intimacy. Sexuality, Love & Eroticism in Modern Societies* (London: Polity Press, 1992).
- 27 Z. Bauman, *Liquid Love. On the Frailty of Human Bonds* (London: Polity Press, 2003).
- 28 R. Sennett, *The Corrosion of Character. The Personal Consequences of Work in the New Capitalism* (New York: W.W. Norton & Company, 1998). A. Hochschild, *The Time Bind: When Work Becomes Home and Home Becomes Work* (New York: Metropolitan/Holt, 1997). A. Hochschild, *The Commercialization of Intimate Life: Notes From Home And Work* (San Francisco og Los Angeles: University of California Press, 2003).
- 29 Z. Bauman, *Liquid Modernity* (London: Polity Press, 2000).
- 30 U. Beck, A. Giddens og S. Lash, *Reflexive Modernization. Politics, Tradition and Aesthetics in the Social Order* (London: Polity Press, 1995).

- <sup>31</sup> M. Bergström, *Barnet – den sista slaven* (Stokholm: Wahlström & Widstrand, 1996). D. Stern, *The Interpersonal World of the Infant* (New York: Basic Books, 1998).